

Heimsmarkmiðin - Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar og markmið sem Kópavogur hefur valið					
nr	Markmið	Tillögur vinnuhóps	Staða hjá Garðabæ	Mælikvarði	Verkefni
1 ENGIN FÁTÆKT 					
1,1	Eigi síðar en árið 2030 hafi sárri fátækt verið útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn hafi minna á milli handanna en sem nemur 1,25 bandaríkjadólum á dag til að framfleyta sér				
1,2	Eigi síðar en árið 2030 búi a.m.k. helmingi færri karlar, konur og börn, óháð aldri, við fátækt eins og hún er skilgreind í hverju landi.	Garðabær velur	Skoða neysluviðmið, fækka þeim sem eru undir þeim á næstu 10 árum		Ath fjárhagsaðstoð
2 ENGURT HUNGUR 					
2,1	Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungubarna, að nægum, öruggum og næringarríkum mat allt árið um kring.	Verður skoðað hjá Garðabæ, öflum tölfræðiupplýsinga.	Hvernig er staðan í Gbæ hjá fjölskyldum og aðstoð við t.d. Innflytjendur. Svanhildur fær upplýsingar frá fjölskyldusviði. Staða á mótuneytismat í grunnskólum, hvernig er staðan þar		Hjá Gbæ eru bæði einstaklingar og fjölskyldur á fjárhagsaðstoð og með reglum um fjárhagsaðstoð er leitast við að tryggja framfærslu fátæks fólks. Ekki vitað um neina sem ekki eru á fjárhagsaðstoð en eru það illa staddir að þeir hafa ekki aðgang að mat
3 HEILSA OG VELLÍÐAN 		Markmið 3 - hér vantar alveg heilsueflandi- og forvarnahugsun			
3,1	Eigi síðar en árið 2030 verði dauðsföll af völdum barnsburðar í heiminum komin niður fyrir 70 af hverjum 100.000 börnum sem fæðast á lífi.				
3,2	Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir nýburadauða og andlát barna undir fimm ára aldri, sem unnt er að afstýra, og stefnt að því að öll lönd nái tíðni nýburadauða niður í 12 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi og dánartíðni barna undir fimm ára aldri að minnsta kosti niður í 25 af hverjum 1.000 börnum sem fæðast á lífi.				
3,4	Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og velliðan.	Garðabær velur	Heilsueflandi samfélag, hreyfing og fyrirbyggjandi aðgerðir. Aðgengi allra að framboði á frjálsu félagastarfi á jafnréttisgrundvelli		
3,5	Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.	Garðabær velur	Forvarnaráætlun og aðgerðaráætlun í smíðum. Búið að vera í gangi síðan um 2000. Hvatning til hreyfingar og þátttöku	R&G, lögreglan,	ÍTG
3,6	Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.	Garðabær velur	Staðan er þökkaleg samkvæmt slysakorti samgöngustofu	Slysakort samgöngustofu	Umferðaröryggisstefna Garðabæjar Úttekt á umferðaröryggi skólabarna
3,7	Eigi síðar en árið 2030 verði tryggður almennur aðgangur að heilbrigðisþjónustu á sviði kynheilbrigðis, meðal annars fyrir þá sem ætla að stofna fjölskyldu, og fræðsla og upplýsingagjöf veitt því tengdu. Tryggt verði að kynheilbrigði verði fellt inn í landsáætlanir.				
4 HEIMTUN FÖR ALLA 					
4,1	Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun.	Garðabær velur	Ritföng og skólabækur endurgjaldslaus í Gbæ, skólamatur, frístundabíll og ferðalög á skólatíma kosta		

4,2	Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri, fá umönnun og leikskólamenntun til að búa þau undir grunnskóla.	Til ath.	Þarf að ræða aðkomu Garðabæjar að stuðningi við fjölskyldur með börn á leikskólaaldri/heimgreiðslur/tekjutenging/systkin aafsláttur og stuðning við menntun starfsfólks á leikskólum. Snemmtæk íhlutun		
4,4	Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.	Garðabær velur			
4,7	Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.	Garðabær velur			
4,A	Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar fyrir börn, óháð kyni, svo að allir geti lært í öruggu og friðsamlegu umhverfi án aðgreiningar, fatlaðir sem aðrir.	Til ath.	Ræða skóla án aðgreiningar		
4,C	Eigi síðar en árið 2030 verði framboð á menntuðum og hæfum kennurum aukið verulega, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu um kennaramenntun í þróunarlöndum, einkum þeim sem eru skemmt á veg komin og smáeyríkjum.				
5					
5,1	Öll mismunur gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.	Garðabær velur	Ræða hjá Garðabæ, kynjuð hagstjórn/fjárhagsáætlunargerð. Ný framkvæmdaáætlun við jafnréttisstefnu og jafnlaunavottun komin		
5,2	Hvers kyns ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þ.m.t. mansal, kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði ekki liðið og regluverk sem styður við ofbeldi afnumið.	Garðabær velur	Barnavernd og bakvakt barnaverndar, eineltisstefnur vinnustaða		
5,3	Allir skaðlegir siðir, eins og barnahjónabönd, snemmbúin og þvinguð hjónabönd og limlesting kynfæra kvenna og stúlkna, verði lagðir niður.				
5,4	Ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf verði viðurkennd og metin með því að tryggja opinbera félagsþjónustu, innviði og stefnumörkun á sviði félagslegrar verndar og að ýtt verði undir sameiginlega ábyrgð innan fjölskyldunnar, þ.m.t. á heimilinu, eins og við á í hverju landi.	Til ath.	Sinna veikum börnum og líka öðrum ættingjum, t.d. veikum maka/öldruðum foreldrum		
5,5	Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.	Garðabær velur	Spurning vegna lagasetningar, er í lögum. Er í jafnréttisstefnu Garðabæjar		
6					
6,1	Eigi síðar en árið 2030 standi öllum til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði hvar sem er í heiminum.				
6,2	Eigi síðar en árið 2030 hafi allir jafnan aðgang að fullnægjandi hreinlætisaðstöðu og enginn þurfi að ganga örna sinna utan dyra. Í þessu tilliti verði sérstaklega hugað að þörfum kvenna og stúlkna og þeirra sem eru í viðkvæmri stöðu.				

6,3	Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.	Garðabær velur	Unnið er að gas og jarðgerðarstöð og ætti þá mengun frá sorpi að minnka. Við erum með stöðugar mælingar á vatnsgæðum í vötnum og lækjum og erum að hreinsa þar sem mælingar eru ekki góðar		
6,5	Eigi síðar en árið 2030 verði stjórnun vatnsauðlinda samþætt á öllum sviðum, meðal annars með samstarfi yfir landamæri eftir því sem við á.	Garðabær velur	Vatnsverndarsvæði		
6,6	Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.	Garðabær velur	Blágrænar ofanvatnslausnir, t.d. í Urriðaholti		
6,B	Stutt verði við byggðarlög til að bæta vatnsstjórnun og hreinlæti.				
 7,2	Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.				
 8,1	Viðhaldið verði hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.				
8,2	Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafisfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.				
8,4	Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.				
8,5	Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.	Til ath.	Eru störf í boði fyrir alla, konur og karla raunhæft markmið? Jafnlaunavottun komin, sumarstörf ungmenna, bæði unglinga og einnig eldri ungmenni, sumarstörf fatlaðra (ætti að auka framboð, ekki bara á sumrin?)		
8,9	Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.	Til ath.	Er rétt að draga eina atvinnustarfsemi fram yfir aðrar?		
 9,1	Próaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.	Garðabær velur			
9,5	Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.				

9,C	Aðgengi að upplýsinga- og fjarskiptatækni verði aukið verulega og lagt kapp á að almenningur hafi aðgang að netinu á viðráðanlegu verði í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.	Garðabær velur	Vinna við aukna stafræna þjónustu er hafin, horft verður til þróunar í velferðartækni. Aðgengi eldri borgara að tækni/neti. Aukin notkun á fjarfundatækni til að minnka ferðalög og þar með útblástur innlands og utan		
10					
10,2	Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.	Garðabær velur			
10,3	Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.	Garðabær velur	Orlofssjóður húsmæðra og 19. júní sjóður hjá Gbæ. Báðir eru aðeins opnir fyrir konur.		
11					
11,1	Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, fátækrahverfi verði endurbætt og grunnþjónusta standi öllum til boða.	Garðabær velur	Skipulagsáætlanir, húsnæðisáætlun		Skipulag Eskiáss miðar að húsnæði fyrir ungt fólk
11,2	Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með örugum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.	Garðabær velur	Unnið er að endurbættu leiðarneti og Borgarlínu. Bætt aðstaða og innviði fyrir almenningssamgöngur og vistvænar samgöngur. Aðskilið stigakerfi (hjóla- og göngustígar) verður sett í aðalskipulag. Samgöngusáttmáli		
11,3	Eigi síðar en árið 2030 verði fjölgun í þéttbýli sjálfbær og íbúar alls staðar í heiminum taki meiri þátt í skipulagsmálum og samkomulagi um sjálfbærni.	Garðabær velur	Í skipulagslögum er eitt af markmiðunum sjálfbærni og samráð/íbúalýðræði		
11,4	Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.	Garðabær velur	Garðabær er framarlega þarna, Friðlýsingar á ýmsum stigum, verndarsvæði í byggð		Garðaholt, Álfanes, vötnin hraunin og ströndin
11,6	Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.	Garðabær velur	Skipulagsmál, BREAM vottun, mæla- og bæta loftgæði. Loftslagsáætlun og sóknaráætlun SSH. Setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla og bæta vistvænar samgöngur. Meðhöndlun úrgangs - Minnkum soun		Grenndargámar.
11,7	Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örug og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.	Garðabær velur	Bætt lýsing og aðgengi fyrir alla		
11,A	Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísu og innan svæða.	Garðabær velur	Komin byggðastefna fyrir höfuðborgarsvæðið. Úrgangsmál, veitu- og samgöngumál (strætó m.a.) sameiginleg verkefni. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis		
12					
12,1	Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.				

12,2	Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.	Garðabær velur	Umgengni við náttúru, vatn, orku og græn svæði, áhersla á að draga úr matarsóun og nýtingu matvæla		
12,3	Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.	Til ath.	Innkaupa- og úrgangsstefna er tilbúin, vistvæn innkaup t.d í útboðum, stærri pakkningar og minnkun á einnota umbúðum í innkaupum. Upplýsingar til almennings		
12,5	Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.	Garðabær velur	Auka fræðslu og þekkingu almennings á sjálfbærri þróun, t.d. með grænfána grunn- og leikskóla		
12,7	Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.	Garðabær velur			
12,C	Óhagkvæmar niðurgreiðslur vegna jarðefnaeldsneytis, sem ýta undir sóun, verði færðar til betri vegar með því að aflétta markaðshömlum, í samræmi við innlendar aðstæður, meðal annars með því að endurskipuleggja skattlagningu og leggja niðurgreiðslur niður í áföngum í ljósi skaðlegra umhverfislegra áhrifa. Tekið verði fullt tillit til sérparfa og aðstæðna þróunarlanda og haldið í skefjum aðgerðum sem gætu haft skaðleg áhrif á þróun fátækra samfélaga.				
					
13,1	Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.	Garðabær velur	Vá vegna vatnsflóða, t.d. Á Álfanesi, áhættumat höfuðborgarsvæðisins, almannavarnanefnd og neyðarstjórnir sveitarfélaga		
13,2	Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	Garðabær velur	Vatnsflóð...		Loftslagsstefna Garðabæjar
13,A	Efnð verði fyrirheit hátekjuríkja um 100 milljarða dala framlag, bæði frá hinu opinbera og einkaaðilum, í því skyni að aðstoða þróunarlönd við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að gagnsæjum aðgerðum. Jafnframt verði unnið sem fyrst að fjármögnun Græna loftslagssjóðsins svo að hann geti starfað af fullum krafti.				
					
14,1	Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.	Til ath.			
14,2	Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að gripa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.	Garðabær velur	Íbúar hreinsi sjálfir strandlengju, endurheimt votlendis, friðlýsing strandlengja		
14,3	Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.			Ríkið leiðir þessa vinnu	
14,7	Eigi síðar en árið 2030 hafi þau þróunarlönd sem eru smáeyriki og þau sem skemmst eru á veg komin hlotið efnahagslegan ávinning af sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda, meðal annars með því að ástunda sjálfbæra stjórn fiskveiða, sjálfbært fiskeldi í sjó og sjálfbæra ferðaþjónustu.				

14,C	Vernda og efla sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess með því að framfylgja alþjóðalögum, sbr. ákvæði þar að lútandi í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um varðveislu og sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess og nefnt er í 158. gr. í skýrslunni „The future we want“.				
					
15,1	Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurkkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.	Garðabær velur			
15,2	Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.	Til ath.	Unnin verði trjágreining með skógræktarfélögum. Samspil skógræktar og frekari byggðar, sjá aðalskipulag		
15,3	Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurkkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.				
15,5	Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.	Garðabær velur	Flórgoði og margæsir		
15,6	Stuðlað verði að sanngjarnri og jafnri skiptingu ávinnings af nýtingu erfðaauðlinda og eðlilegum aðgangi að slíkum auðlindum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum.				
15,8	Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum eftst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.	Til ath.	Eyðing lúpínu og kerfils, lúsmy?		
15,9	Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlaða og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.	Garðabær velur			
					
16,1	Dregið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum sem rekja má til þess.	Garðabær velur			
16,2	Tekið verði fyrir misnotkun, misneytingu, mansal og hvers kyns ofbeldi gegn börnum og pyntingar verði upprættar.	Garðabær velur	Barnasáttmáli og barnavernd		
16,3	Réttarríkið verði eftt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.				
16,5	Dregið verði verulega úr hvers kyns spillingu og mútum.				
16,6	Byggðar verði upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum sem hafa gagnsæi að leiðarljósi.	Garðabær velur			
16,7	Teknar verði ákvarðanir á öllum sviðum þar sem brugðist er við aðstæðum og viðtæk þátttaka tryggð.	Garðabær velur	Betri Garðabær, ábendingakerfi, endurskoðun lýðræðisstefnu		
					

17,2	Hátekjuríkin standi að fullu við skuldbindingar sínar um opinbera þróunaraðstoð, meðal annars þá skuldbindingu margra þeirra að láta 0,7% af vergum þjóðartekjum renna til þróunarlanda og 0,15–0,20% af vergum þjóðartekjum renna til þeirra sem eru skemmst á veg komin. Þau ríki sem veita opinbera þróunaraðstoð verði hvött til þess að setja sér það markmið að láta a.m.k. 0,20% af vergum þjóðartekjum renna til þróunarlanda sem eru skemmst á veg komin.				
17,3	Kallað verði eftir viðbótarfjármagni hvaðanæva að til handa þróunarlöndum.				
17,10	Stuðlað verði að alþjóðlegu og opnu viðskiptakerfi innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem byggist á réttlátu og marghliða regluverki með jafnræði að leiðarljósi, þar sem meðal annars verði stefnt að því að ljúka Doha-viðræðunum.				
17,17	Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.	Garðabær velur			
	Kópavogur og ríkisstjórn				
	Aðeins Kópavogur				
	Aðeins ríkisstjórn				
	Aðeins Garðabær, 3 atriði				
		Garðabær velur			
		Til athugunar fyrir Garðabæ			
		38 dökkblá - lagt til að Garðabær velji			
		10 ljósblá - til athugunar			